



Omar Skúlason við eitt verka sinna.

Sýning Ómars Skúlasonar

A Kjarvalsstöðum stendur nú yfir fyrsta einkasýning ungs manns, sem Omar Skúlason heitir. Hann hefur tekið þátt í nokkrum sýningum að undanfögnu og er í þeim hópi, sem stendur að Gallerí Sólton. Allt frá því ég sá í fyrsta sinn myndir eftir Omar, hefur hann vakið eftirtekt mína og stundum meir en margir aðrir, sem hafa verið honum samferða út á listabrautina. Eg tek það strax fram, að mér finnst það ekki fara milli mála, að Omar Skúlason sé einn af þeim ungu myndlistarmönnum, sem hefur þá hæfileika, sem mikils má vænta af, ef rétt er á haldið. En hvernig er rétt á hæfileikum til myndgerðar haldið? Það er spurning, sem er svo einstaklingsbundin, að vart verður að gagni svarað. Eg skal vera eins heiðarlegur og mér er unnt og segi því aðeins, að eitt ráð virðist nýttast allra. Það er vinna og aftur vinna, sjálfsgæi og aftur sjálfsgæi, en fyrst og fremst vinna og enn vinna.

A þessari sýningu Ómars, sem er í helmingi Vestursals Kjarvalsstaða, eru nokkur dúkþrykk, blönduð tækni, teikningar, samklippur og spraututækni, sem ég kann ekki nafn á. Því verðu ekki neitað, að þessi fyrsta einkasýning Ómars er dálítið misjöfn, og er ekkert eðlilegra. Einmitt á þessum árum eiga menn að spreyta sig sem mest við hitt og þetta. Samklippu-tækni hefur verið mikið í vindunum hérlendis að undanfögnu, og margir ungir menn hafa hrifist af þessari skemmtilegu tækni. Þetta er svolítið skemmtilegt, þegar þess er gætt, að einmitt um þessar mundir er á ferð um heiminn mikil sýning á samklippum, er meistariinn Matisse gerði um miðja öldina, og nú er svo komið, að margir halda því fram, að hann hafi bókstaflega endurnýjað málverk með samklippum sínum. Hann var fársjúkur maður og var vart hugað líf, er hann fór að vinna í þessari tækni rúm-
liggjandi. Með einstakri þrautseigju og viljapreki tókst honum að skapa sér afturbata, sem sumir segja, að endurspeglar í samklippum hans frá þessum tíma. Samklippur voru eitt sinn í svolitilli tísku hjá myndlistarmönnum hér, en fengu ekki hljóð-

grunn, en það er önnur saga. Eg nefni þetta hér aðeins til að minna á, að þessi myndgerð er ekki algerlega ný af nálinni, en það gerir ekki þessar samklippur ungu manna í dag verri, síður en svo. Mér finnst það ánægjulegt, að þessara áhrifa skuli gæta hjá ungu myndlistarmönnum okkar í dag, og fagna því, að jafn mikið lífsmark skuli vera með þessari myndgerð og raun ber vitni.

Ekki veit, ég hvort Omar Skúla-

son er mér sammála um það, að dúkþrykk hans séu með því besta á þessari sýningu, en þau hafa sérlega ríka litameðferð, sem fellur vel að því formi, sem fyllir myndflötinn. Einnig var ég sérlega ánægður með myndröð frá no. 5 til 14. Þar má til dæmis benda á verk eins og „Selur“ og „Bleika peysan“ ennfremur „Svartbakur“. Öll þessi myndröð fannst mér bera merki um styrkleika Ómars sem málara, og það er eins og hann blómstri í þessum verkum ekki síður en í dúkþrykkjunum, sem ég hef þegar nefnt. Teikningar hans hafa ennig mjög aðlaðandi svip og eru margar hverjar verk, sem maður man eftir. En því verður heldur ekki sleppt, að sumar af minni samklippuröðunum eu nokkuð hrár í lit og hafa ekki sama þokka og mörg önnur verk á þessari sýningu. Eg á þar eingöngu við hina skæru og hvellu liti, sem stundum verka heldur óþægilega, og sum þessara verka eru þannig hengd, að þau eiga það til að éta hvort annað upp, ef svo mætti að orði kveða. Þetta er nokkur hnökur á heildarsvip sýningar Ómars, en þrátt fyrir þessa annmarka finnst mér þetta vera mjög skemmtilega og hressilega gengið til verks hjá ungu manni, sem er að sýna í fyrsta skiptið. Það er ferskur blær yfir þessum verkum, en auðvitað vantar ýmislegt, sem við eldri mennirnir gerum kröfur til. Við þessu er ekkert að segja annað en það, að alltaf er það sama sagan; þetta var líka sagt, þegar mín kynslóð var ung. Þetta er aðeins einn þáttur í þróun listar, þannig hefur það ætíð verið, og guði sé lof fyrir. Annars væri allt jafn bragðdauft og litlaust og engin hreyfing á hlutunum, og það er einmitt það versta sem fyrir list getur komið, í hvaða formi sem hún er tjáð.

Ég óska Ómari Skúlasoni til hamingju með þessa fyrstu sýningu hans, og hann má vel una við árangurinn. Það er ýmislegt, sem hann mætti taka eftir á þessari sýningu og læra af, en það er hans að þroska sjálfan sig. Það getur enginn annar. Þetta var hressandi heimsókn. Eg þakka fyrir mig.

Valtýr Pétursson.

Sýning Guðbergs Auðunssonar

Myndlist

eftir VALTÝR PÉTURSSON

Í Vestursal Kjarvalsstaða standa nú tvær sýningar. Það eru Omar Skúlason og Guðbergur Auðunsson, sem skipt hafa salnum á milli sín. Þetta eru ungir listamenn með sínar fyrstu einkasýningar, en mjög ólíkir í list sinni, svo að eðlilegt er að fjalla um þá í tveimur greinum. Þessar línur verða um sýningu Guðbergs Auðunssonar. Hann mun vera sérfræðingur í auglýsingagerð og hefur stundað nám í þeirri grein erlendis. Sú iðja mun þó ekki hafa nægt honum sem tjáningarform, svo að hann gerði sér lítið fyrir og fór í nám í listmálun við Myndlista- og handiðaskóla Íslands á síðastliðnum vetri. Ekki er mér kunnugt um, hverjir voru kennarar Guðbergs þar, en árangur af þessari kennslu virðist góður, og mega bæði kennarar og nemendur vel una.

Guðbergur sýnir 23 málverk (ég held Acryl) á þessari sýningu, og líklegast man ég eftir að hafa séð tvö þeirra áður á Haustsýningu FÍM. Hann hefur nokkuð sérstæðan stíl, sem byggir á letri og formi einstakra stafa. Litur hans er hreinn og á stundum því nokkur hrár, en heildarsvipur á þessari sýningu er bæði í góðu samræmi og persónulegur. Þau verk, sem sýnd eru, hafa verið vel valin saman, en ef til vill hefði mátt vera meiri fjölbreytni í stærð þessara verka, en þau eru öll af afar líkri stærð, ef ekki flest af sömu stærð. Þetta gerir upphengingu sýningarinnar nokkuð einhæfa, en innihald þessara verka er fjölskrúðugra. Það hefur ætíð strítt mínum taugum ofurlítið, þegar okkar menn þurfa endilega að nota enska tungu til að koma pop-hugmyndum sínum á framfæri, hvort heldur er í textum dægurlega eða með skrifuðum texta í myndflöt. Við eigum ágætt mál og notum mikið til sömu stafi og þeir ensku. Þetta er leiðinlegt fyrirbæri, en gerir myndlistar-



Guðbergur Auðunsson við eitt verka sinna.

taki fyllilega. Samt er það leiðinlegt og stundum spjátrunglegt að þurfa að grípa til slíkra ráða.

Þessi sýning Guðbergs Auðunssonar kom mér nokkuð á óvart. Eg vissi ekki, að hann réði yfir slíkrri tækni og hefði eins næmt auga og þessi verk sýna. Þarna kemur hann fram með ýmislegt merkilegt, sem hann virðist hafa þróað með sér á sérstæðan hátt. Þetta er raunar í annað sinn á skömmum tíma sem auglýsingamaður kemur á óvart í myndlist. Hinn var Torfi Jónsson með vatnsliti sína á Loftinu fyrir ekki löngu. Það er skemmtilegur og ferskur andi á þessari sýningu Guðbergs, og hún hefur sérkennilegt útlit, sem fyrst og fremst er að þakka rökréttum vinnubrögðum, sem beitt er af fimi og skilningi. Ef til vill mun sumum finnst þessi verk nokkuð um of abströkt í eðli sínu. En um það verður hver og einn að dæma eftir eigin höfði. Hitt er víst, að

Guðbergi verður gefin meiri eftirtekt á komandi tímum en áður. Þar með er miklum árangri náð með þessari sýningu Guðbergs að mínum dómi.

Það er alltaf erfitt að koma fram í fyrsta sinn með sýningu fyrir myndlistarmenn. Báðir þeir ungu menn, sem skipt hafa Vestursalnum á Kjarvalsstöðum að þessu sinni, standa sig með þryði og það á mjög mismunandi hátt. Það er gott til þess að vita, að líf er og átök í íslenskrum myndlist, en það sanna þessir ungu menn með þessum tveim sýningum.

Nokkur verk á þessari sýningu Guðbergs fóru sérlega vel í mig, og nefni ég sem dæmi eftirfarandi: Nr. 8, 9, 13, 15, 21 og 22. Allt eru þetta málverk af þeirri gerð, er maður festir sér í minni, og að mínu áliti eru þau þungamiðja þessarar sýningar.

Ég óska Guðbergi Auðunssyni til hamingju með þann árangur, sem hann hefur þegar náð, en hann má gjarnan hafa það hugfast, að með hverjum unnum sigri vandast málið og meiri kröfur myndast til manna, sem sýna, að þeir vinna af alvöru og dugnaði. Það er í hans valdi, hvernig stefnir á komandi tímum, og ég óska honum góds á þeirri braut, en umferðin er mikil og hættuleg. Hliðargötur margar og leiða í ýmsar áttir. Jafnvel höggstokkur í nánd. Það er enginn dans á rósum að koma saman þokkalegu málverki, hvað þá listaverki.

Að lokum vil ég, að sem flestir sjái þessar sýningar að Kjarvalsstöðum. Þær eiga það skilið og mundu uppörva viðkomandi unga menn, sem komið hafa sýningarflóðinu af stað á því ári, sem nú er að ganga í garð. Það var ánægjulegt að kynna þessum verkum Guðbergs Auðunssonar.

Valtýr Pétursson.



Sveinn Yngvi Egilsson leikur Albert á brúnni.

Alberts-brú

Leiklist

Herranótt:
ALBERT Á BRUNNI
Eftir Tom Stoppard.
Þýðandi: Olga Guðrún
Árnadóttir.
Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson
Leikmynd: Nemendur í byggingarlist, kennari Stefán Benediktsson.
Lýsing: Magnús Axelsson
Skraparóts predikun: Illugi Jökulsson.

Hver hlustar á útvarpsleikrit á sumrin? Að minnsta kosti fór

EFTIR
JÓHANN
HJÁLMARSSON

Myndlist

eftir VALTÝR PÉTURSSON